

Bekkjarnámskrá 8.- 9.bekkur

Skólaárið 2025- 2026

Íslenska

Tímabil	Lýsing	Hæfniviðmið
Íslenska er kennd í tveim lotum og í einum föstum fagtíma á viku allt skólaárið. Æfingátímar eru á föstudögum Haust 15.09-17.10 Vor 5.1.-30.01	Áherslupættir í íslensku: talað mál og hlustun, bókmenntir og lestur, málfræði og ritun. Æfingátímar: málfræði og ritun. Lestur smásagna. Fyrri lotan tekur fyrir bréfabókmenntir, málfræði, ritunar- og lestraræfingar. Áherslupættir í íslensku: talað mál og hlustun, bókmenntir og lestur, málfræði og ritun. Æfingátímar: Bókmenntir, greining og túlkun, ritunar- og heimildavinna. Gerð heimildaritgerðar. Seinni lotan er Laxdæla saga tekin fyrir: Bókmenntir, ritun, hugtaka- og orðaforðavinna, túlkun og greining.	Að barnið: • lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi • gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda • lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar smásögur og bréf frá mismunandi tímum • beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði svo sem sjónarhorni og sögusviði, myndmáli og táknum • skrifað skýrt og greinilega og notað orðabækur • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun og samið texta út frá eigin brjósti • skrifað mismunandi bréfatexta og beitt orðaforða og málsmáli við hæfi, hlutlægni og huglægni • lært og beitt mismunandi málfræðihugtökum • áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta. • notað málfræði þekkingu sína til að bæta stafsetningu • greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða. • lesið, túlkað, metið og fjallað um persónur og atburði í Laxdælu og gildi hennar/Íslendingasagna sem bókmenntaverka. • geti skilið mikilvægi þess að geta lesið og eft eigin læsi, hugtakaskilning og orðaforða. • beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar. • kannist við og geti jafnvel farið með fleygar setningar úr Laxdælu, skilið gildi fleygra orða og fastra orðasambanda til að auðga tungumálið og

		gert sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta í þessu skyni. • þekki þau siðferðilegu hugtök sem hafa verið lögð inn meðfram sögunni og geti tengt þau við atburði og persónur, geti útskýrt þau með dæmum og beitt þeim í greiningarvinnu • geti lagt sjálfstætt mat á persónur og atburði sögunnar og rökstutt það með vísan í orsakir og afleiðingar mannlegra athafna • smátt og smátt skrifað eigin útdrátt úr köflunum • aukið færni í stafsetningu og réttitun með hjálp sóknarskriftar.
Stærðfræði		
Stærðfræði er kennd í tveim lotum og í einum föstum fag tíma á viku allt skólaárið. Haust 27.10.-21.11 Vor 9.3.-10.4	Tölur og reikningur prósentureikningur pósítivar og negatívar tölur almenn bröt og tugabrot Rúmfræði og mælingar • flatarmál mismunandi flata • ummál mismunandi flata • regla um hornasummu í marghyrningi Nemendur rifja upp og vinna með rúmfræði. Unnið með þrívídda marghyrninga. Tölur og reikningur • ferningstala og ferningsrót • veldi Algebra • fyrsta stigs jöfnur með einni óþekktri stærð • stæður mynstur og algebra talnamynstur rannsókuð	Að barnið: Tölur og reikningur • þrói með sér hæfileika til hugarreiknings og geti notað hugarreikning innan reikniaðgerðanna fjögurra auk prósentureiknings, • prósentureikningur • hafi vald á reikningi með hundradshlutum og þúsundahlutum (prósentum og prómillum) • hafi vald á einföldum bókstafsreikningi, • geti sett fram þekktar reiknireglur eins og t.d. vaxta og prósentu formúlur með algebru. Rúmfræði og mælingar • hafi vald á fríhendis-rúmfræði og geti teiknað margskipt form, samfléttuð form og spirál, umbreytt form og viðsnúnings-form, • æfi tilfinningu fyrir formi með formteikningu sem unnið er áfram með á öðrum fagsviðum, t.d. í handverki • þekki hugtökin rétt horn, beint horn, þveril, samsíða línur, grannhorn og topphorn,

	• bókstafir og óþekktar stærðir í stæðum og jöfnum • vixlregla, tengiregla og dreifiregla • myndrit • fyrsta stigs jöfnur og annars stigs jöfnur • ferningsreglur • föll Rúmfræði og mælingar • rúmmál einfaldra strendinga • Hlutbundin líkanasmíð • Teikna skýringarmyndir • Teikna þrívíddarmyndir • Speglun, snúning og hliðrun • Teikna skýringarmyndir • Teikna þrívíddarmyndir • Speglun, snúning og hliðrun Tölfræði og líkindi • tölfræðihugtök til setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn • einfalдар tölfræðikannanir	• þekki sönnun á hornasummu þríhyrnings, • þekki pýþagórasarregluna og geti sett hana fram á rúmfræðilegan hátt • geti túlkað og gert vinnuteikningar og fjarviddarteikningar með mörgum hvarfpunktum, • geti notað hnit til að draga upp mynd af formum og finna eiginleika einfaldra rúmfræðilegra forma Lota 2 Tölur og reikningur • ferningstala og ferningsrót • veldi Algebra • geti notað þætti, veldi, ferningsrót og frumtölur í útreikningum, • geti borið saman og umreiknað heilar tölur, almenn brot, tugabrot, prósentur, prómill og tölur á stöðluðu formi og tjáð slíkar tölur á mismunandi hátt, • geti meðhöndlað og þáttað einföld algebrudæmi og reiknað með formúlum, svigum og brotum með einum lið eða einföldum margliðum í nefnaranum Rúmfræði • geti rannsakað, gert tilraunir með og sett orð á röksemdafærslur með hjálp rúmfræðilegra hugmynda og útskýrt mikilvæg rúmfræðileg samhengi í tækni, list og arkitektúr • geti notað hnit til að draga upp mynd af formum og finna eiginleika einfaldra rúmfræðilegra forma • geti túlkað og gert vinnuteikningar og fjarviddarteikningar með mörgum hvarfpunktum
--	--	--

Erlend tungumál

Danska er kennd í einum föstum fagtíma á viku allt skólaárið

Enska er kennd í einum föstum fagtíma á viku allt skólaárið

Danska

- Talað mál
- upplestur og samræður
- Lestur
- greinar um uppfinningamenn (og konur), blaðagreinar og sögur
- Hlustun
- hlustun á upplestur
- Orðaforði
- þýðingar á greinum og völdum textum
- Málfræði
- sagnir og tíðir þeirra
- sterka og veika beygingu sagna og lýsingarorða
- ákveðin og óákveðin greinir
- Ritun
- réttitunaræfingar og skapandi skrif

Nemendur velja sér tvær bækur á önn til að lesa og gera verkefni úr. Málfræði er æfð með Spotlight 9. Samtalsæfingar eru gerðar í hópum. Að auki eru valdir textar úr fagurbókmenntum og vísindagreinum til að auka orðaforða og æfa framburð og upplestur.

Að barnið:

- skilji grundvallar málfræðihugtök á ensku,
- geti notað mismunandi hjálpartæki við námið t.d. uppflettirit og rafrænar orðabækur,
- geti borið saman ensku og íslensku, fundið líkindi og mismun,
- skilji innihaldið í lengri smásögum og einföldum fræðilegum textum,
- geti dregið saman aðalatriðin í textum og sett fram skriflega,
- noti alhliða orðaforða, föst orðasambönd og orðatiltæki á virkan hátt við textaskrif,
- hafi vald á réttitun og setningargerð,
- geti flutt munnlegar kynningar á ólíkum efnum,
- geti haldið uppi samræðum, skilið og gert sig skiljanlegan. Menning, samfélag, saga og bókmenntir
- þekki til enskrar málsögu,
- þekki til mikilvægra atburða í sögum BNA og annarra enskumælandi landa,
- skilji og geti endursagt innihald úr textum sem fjalla um lífnaðarhætti og gildi,
- lesi sér til um ævi frægra persóna frá enskumælandi löndum,
- skrifi verkefni tengt viðeigandi efni og kynni það,
- lesi úrval frumtexta, leikrita, smásagna, ljóða og kvæða,
- lesi skáldsögu og skrifi um hana umsögn,
- geti farið með ljóð eða útdrátt úr bókmenntum á listrænan máta,
- geri greinarmun á myndmáli og beinni lýsingu,
- geti mætt innihald texta bæði munnlega og skriflega.

Val er kennt í einum föstum fagtíma á viku allt skólaárið.	Val Nemendur geta valið á milli námskeiða. Valgreinar: tungumál, myndlist, hönnun ofl.	
List- og verkgreinar		
Haust 27.10.- 19.12 Vor 9.3.-8.5	8. bekkur Í vetur handsauma nemendur waldorfbrúður. Að því loknu munu þau hanna, útfæra snið og handsauma föt á brúðurnar. Það er vinna sem krefst útsjónarsemi og nákvæmni. Eftir að hafa handsaumað föt er kominn tími til að kynnst saumavélinni. Við munum taka fyrir einföld saumaverkefni sem unnin verða í saumvél. Æfð nákvæm vinnubrögð, handsaumur og sniðavinna. Þekking á þrónuðu og ofnu efni. 9. bekkur Í vetur læra nemendur að búa til einfalt buxna snið. Gerð verður verklýsing sem nemandi mun nýta sér við vinnu. Snið verður gert frá grunni eftir máli nemenda. Nemandi kaupir sjálfur efni, efnisval er ákveðið fyrirfram þ.e.a.s að unnið verður í bómullar jersey efni. Æft er að taka mál, vinna með flata sniðagerð, reikna út efnispörf í flík, vera nýtin á efni, vinna eftir verklýsingu, sjálfstæð vinnubrögð efla, Saumavél verður notuð við verkefnið.	Að barnið: • þekki mun á aftursting og beinsaum • þekki eiginleika þrónað efnis • geti þrætt og saumað einfalda sauma í saumavél • þekki mun á beinsaum og zikk zakk saum á saumavél. Að barnið: • viti hvað verklýsing fyrir fatagerð er • sé meðvitaður um mikilvægi nákvæmnis vinnu við flata sniðagerð • geti nýtt sér verkfæri sem þarf til fatagerðar • geti tekið mál • geti notað saumavél.

Smíði

Haust
27.10.-19.12

8. bekkur. Hreyfanlegt leikfang

Nemendur hanna og smíða hreyfanlegt leikfang þar sem áhersla er á hreyfanlega liði og skýra virkni. Þeir vinna með fjölbreytt handverkstól, þjálfar sköpun og nákvæmni og læra mikilvægi samvinnu og þolinmæði í framkvæmd.

9. bekkur. Bolli, spaði eða ausa

Nemendur velja á milli þess að smíða bolla, steikar sleif eða ausu. Áhersla er lögð á útholun (concave), form skilning og samspil fagurfræði og notagildis. Nemendur vinna með holjárn og önnur hefðbundin handverkstól.

Eldsmíði

Það er ein tveggja vikna lota í eldsmíði á haustönninni. Verkefnið er að smíða S-krók.

Eldur vekur járn til lífsins og gefur okkur tækifæri til að móta það. Ef við berum virðingu fyrir eldinum vinnur hann með okkur. Hluti af þessu samspili manns, elds og járn er að öðlast stjórn á kraftinum í eldinum og hrynjandinni í hamarshöggunum. Þá getum við umbreytt járn og formað það.

Aðalmarkmið í eldsmíði er að kynnast járn í sínu lifandi formi og að læra að móta járn á meðan það er heitt. Auk þess að halda áfram að æfa sig í grunnaðferðum við mótun járn læra nemendur að snúa upp á það.

Að barnið:

- getihannað og smíðað einfalt leikfang með hreyfanlegum hlutum
- beitt helstu handverkstólum af öryggi og skilningi
- unnið markvisst eftir eigin hugmynd og sýnt frumleika í útfærslu
- tekið ábyrgð í vinnuferli og sýnt samvinnu í hópvinnu
- geti holað út úr tré með viðeigandi verkfærum
- valið viðartegund út frá eiginleikum hennar og notagildi
- hugað að formi, fegurð og virkni í hönnun
- sýnt sjálfstæði og ábyrgð í vinnuferli
- tekið virkan þátt í tímum
- mótað úr járn og tileinkað sér rétt vinnubrögð
- umgengist verkfæri á skipulagðan og öruggan hátt

Tónlist

Vor 5.1.- 30.1	Nemendur • æfa tónmyndun og hljóm • æfa samsöng í röddum og með undirleik • æfa ýmsa dansa • læra tónfræði og nótnalestur • leika á ýmis hljóðfæri • spreyta sig á frumsköpun • nota virka hlustun til að kynnst tónlistarsögunni	Að barnið: • geti tekið þátt í upphitun og æfingum fyrir tónmyndun og hljóm, • geti tekið þátt í samsöng laga úr fjölbreyttum tónlistargeirum og menningu, • geti tekið þátt í samspili með söng og hljóðfæraleik, • geti tekið þátt í flutningi á tónlist og dansi frá mismunandi tíma, ólíkri menningu og úr ólíkum geirum • þekki dæmi um algengustu tónlistarformin frá barokktímum til dagsins í dag
--------------------------	--	--

Leiklist

Haust 24.11.-19.12	Nemendur æfa og setja upp leikrit. Nemendur æfa textana heima sem undirbúning fyrir leiklistarlotu. Samþætting tónlistar- og leiklistarkennslu.	Að barnið: • geti túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. • geti beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína. • geti verið góður áhorfandi og sýnt öðrum tillitssemi. • hafi tekið virkan þátt í leikrænu ferli. • geti bæði veitt og tekið á móti upp byggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist
------------------------------	---	---

Myndlist

Vor 2.2- 6.3	Sambætting myndlistar og líffræði • Teikna kolamynd af hauskúpu. Byrjað á því að kynnast hlutföllum hauskúpunnar og athuga hvar augnatóftirnar, nefið og tenurnar eru staðsett. • Áhrif ljós og skugga á fjarvídd. Ljós og skuggi draga fram lögun hauskúpunnar. • Litafræði Goethes: svarti liturinn er fjarvera ljóssins. Fulltrúi svarta litarins í þessari æfingu er kol. Hvíti liturinn skapar hins vegar upplifun sem kemur hvað næst birtu eða ljósi í náttúrunni. Sambætting myndlistar og mannkynssögu • Kolateikningar í tengslum við iðnbyltinguna. • Litablöndun: Hreinir litir blandaðir til að mynda svarta, gráa og brúnlitaða tóna í tengslum við frönsku byltinguna.	Að barnið:
--------------------------------	--	--------------------------

Samfélagsfræði

Haust 19.8- 12.9 Vor 24.11- 19.12 5.1- 30.1	Mannkynssaga Í fyrri lotunni er fjallað um uppreisn Hollands og hvernig fólk var ekki lengur tilbúið að lúta í lægra haldi fyrir yfirvaldinu, frönsku byltinguna og amerísku sjálfstæðisbaráttuna en í seinni lotunni iðnbyltinguna. Farið yfir sögu Frakka frá tímum Sólkonungsins til valdaskeiðs Napóleons.	Að barnið: • geti beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun • geti samið texta og gert samantekt á efni út frá eigin brjósti • - greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í frásögn og samanburði á landfræðilegum skilyrðum ýmissa landa. • - lesið, túlkað, metið og fjallað um persónur og atburði tengt líffskilyrðum ýmissa þjóða. • - geti myndskreytt og vandað frágang á vinnubók.
---	---	---

	Hugmyndir Rousseu og Voltaire um samfélag sem byggir á <i>frelsi, jafnrétti og bræðralagi</i> verða kynntar. Tækninýjungar iðnbyltingarinnar verða kynntar. Umræður um afleiðingar iðnbyltingarinnar. Slagorð frönsku byltingarinnar gaf uppreisnarmönnum kraft til að berjast fyrir því sem þau trúðu á. Hugmyndir upplýsingaraldar veittu nýja sýn á heiminn og opnuðu fyrir möguleikann á því að það væri hægt að breyta hlutum. Ameríska sjálfstæðisfirlýsingin var rædd. Umræðan um mannréttindi og hvort þau náí til allra, þ.e. eru allir menn skapaðir jafnir, verður rædd í lotunni. Umræður um afleiðingar iðnbyltingarinnar. Hvað á að kenna: 1. Iota Franska byltingin. Ameríska sjálfstæðisbaráttan. Farið yfir sögu Frakka frá tímum Sólkonungsins til valdaskeiðs Napóleons.	- beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun. - þekki þau siðferðilegu hugtök sem hafa verið lögð inn meðfram sögunni og geti tengt þau við atburði og persónur. - geti lagt sjálfstætt mat á persónur og atburði sögunnar og rökstutt það með vísan í orsakir og afleiðingar mannlegra athafna. - smátt og smátt skrifað eigin útdrátt úr köflunum og/eða sagt munnlega frá efni kaflans.
Náttúrufræði		
Haust 19.08-12.09 Vor 11.05-05.06 Líffræð 02.02-06.03	Garðyrkja Í garðyrkju er unnið með hringrás ræktunar. Á haustönn er uppskera á grænmeti, jurtir í te tindar fyrir veturinn og þurrkaðar. Ber og annað hagnýtt frá náttúrunnar hendi nýtt í sultugerð og grænmeti sýrt. Eftir uppskeru	Að barnið: • greint og skilið hringrás ræktunar. • lesið í aðstæður og gert sér grein fyrir þörf á vökvun og næringu fyrir mismunandi plöntur. • geti beitt vönduðum vinnubrögðum við alla ræktun.

	er garður undirbúinn fyrir veturinn og vorið sem á eftir kemur. Garðurinn hreinsaður, moldin snúin og borin er skítur í beðið. Á vorönn eru fræ sett í mold strax í janúar þegar forsáning hefst og fram yfir páska en í maí fara plöntur út til herðingar og síðan niður í mold í beðin. Líffræði - Mannslíkaminn og bein • hvað er uppréttur gangur • hvernig beinin þroskast frá fóstri fram á fullorðinsárin • beinin, höfuðkúpuna, hryggjarliðina, handleggi, fótleggi • smábein og hvernig í hverju beini ríkir þrískipting • hvernig flæðið í uppbyggingu beinananna endurspeglast í formi þeirra. • hvernig við berum þunga og framkvæmum fínhreyfingar. • liðir og vöðvar	• beitt skipulögðum vinnubrögðum við ferlið frá fræi þar til plantan er sett í mold úti í garð. • þekki þau hugtök sem hafa verið lögð inn meðfram lotunni. • haft frumkvæði til vinnu og sjálfstæð vinnubrögð. • sagt munnlega frá eiginleikum og gæðum ýmissa plantna. Að barnið: • greint og skilið aðalatriði í beinagrind mannslíkamans. • lesið, skoðað og skilið hvernig þróun beina er frá fóstri til fullorðinsára. • myndskreytt, mótað og vandað frágang á vinnubók. • beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun. • þekki helstu liði og vöðva og hvernig stoðkerfið allt tengist. • geti skrifað og/eða sagt frá helstu atriðum er varða uppbyggingu og virkni mannslíkamans.
Efnafræði		
Haust 11.05-22.05	Nemendahópurinn er tvískiptur, annar er í efnafræði en hinn hópurinn í eðlisfræði. • grunnþættir efnafræðinnar • efnafræðileg kerfi, lotuborðið • atómísk líkön	Að barnið: • geti skilgreint sérkenni námsgreinarinnar í tengslum við önnur náttúrufög • tileinki sér skipuleg og nákvæm vinnubrögð við athuganir • geti lýst ólíkum efnafræðilegum ferlum og dregið ályktanir af

	• kolefnishringrásin • lífrænar sýrur; áfengi, sýrur og basar og bragðefni • gróðurhúsaáhrifin • oxun og fækkun • efnaferlar jarðolíu	tilraunum • geti framkvæmt einfaldar tilraunir markvisst og af öryggi og skilji forsendur þeirra • þekki algengustu frumefnin, hvernig þau koma fyrir í náttúrunni og sérstaka eiginleika þeirra, • þekki mikilvægustu sýrur og basa og úrval salta, heiti þeirra og eiginleika, • geti lýst hringrás kalks • þekki aðalflokka næringarefna, sérstaka eiginleika þeirra og þýðingu þeirra fyrir næringarferli mannsins • þekki hinar ýmsu birtingarmyndir kolefnis, t.d. vetniskolefni, lífrænar sýrur o.fl. • þekki til bergfræðilegra ferla, eimingu hráolíu, ólíka efnisþætti hennar og notkun þeirra í framleiðslu gerviefna þekki til notkunar hjálparefna sem efnahvata og vísa • skilji grundvallar skipulag efnafræðinnar, hugtök og flokkunarkerfi • geti rætt um grundvallar muninn á milli kenninga og þess sem byggir á raunverulegum athugunum.
Eðlisfræði		
Haust 11.05-22.05	Nemendahópurinn er tvískiptur, annar er í efnafræði en hinn hópurinn í eðlisfræði. Hita og aflfræði • stækkun og samdráttur • fasaumbreytingar eins og uppgufun, bráðnun, storknun, þétting • hitastig, suðumark, þrýstingur • ogrúmmál, lögmál Boyle og óreiða/skipulagsleysi • gufuhverfill, gufuvél, ísskápur, varmadæla • innri brennsluvél, eldflaugavél • nútíma hitaveituvélar /tæki	Að barnið: Hljóðfræði • þekki undirstöðureglur fyrir hljóðbylgjur, hvernig hægt er að gera þær sýnilegar og mæla þær • þekki mikilvæg hugtök svo sem tónbil, tónhæð, tíðni, ómun og hljóðhraða í ólíkum efnum. Aflfræði • þekki, skilji og geti lýst grundvallarfyrirbærum innan aflfræðinnar • sé kunnugt um almenna, hagnýta notkun grundvallarlögmála aflfræðinnar í verkfærum og vélum

	• hugtakið orka • efnahvörf Raforkukenning og hljóðvist • tíðni og tónhæð • rafsveiflur í hljóðnema / hátalara / síma, umbreyting í hljóðbylgjur	
Landafræði - samþætt við samfélagsfræði		
Haust 22.09-26.09 27.08-31.08 Vor 05.01-30.01	• Landafræði er samþætt við mannkynssögu. Lífsleiknivika Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kvekja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans. Skólaferðalag Laugarvegurinn genginn frá Landmannalaugum- Hrafninnusker- Álftavatn- Emstrur- Langadal	Að barnið: Sjá Mannkynssögu Að barnið: - geti gert sér grein fyrir mikilvægi samvinnu í ýmsum aðstæðum og veðurskilyrðum sem kunna að myndast í íslenskri náttúru. - geti lesið í náttúruna, túlkað og metið hvernig best er að bregðast við þegar þarf að taka ákvörðun um val á gönguleið, leita að skjóli eða aðstoða samferðamenn. - geti lagt sjálfstætt mat á aðstæður, tekið ábyrgð á eigin líðan og þörf á næringu, hvíld ofl.
Efnafræði		
Vor 25.5.-5.6	Nemendur fræðast um: • grunnþætti efnafræðinnar • efnafræðileg kerfi, lotukerfið • atómísk líkön • kolefnishringrásin • lífrænar sýrur; áfengi, sýrur og	Að barnið: • geti skilgreint sérkenni námsgreinarinnar í tengslum við önnur náttúrufög • tileinki sér skipuleg og nákvæm vinnubrögð við athuganir • geti lýst ólíkum efnafræðilegum ferlum og dregið ályktanir af tilraunum

	- basar og bragðefni - gróðurhúsaáhrifin - oxun og fækkun - efnaferlar jarðolíu	- geti framkvæmt einfaldar tilraunir markvisst og af öryggi og skilji forsendur þeirra - þekki algengustu frumefnin, hvernig þau koma fyrir í náttúrunni og sérstaka eiginleika þeirra, - þekki mikilvægustu sýrur og basa og úrval salta, heiti þeirra og eiginleika, geti lýst hringrás kalks - þekki aðalflokka næringarefna, sérstaka eiginleika þeirra og þýðingu þeirra fyrir næringarferli mannsins - þekki hinar ýmsu birtingarmyndir kolefnis, t.d. vetniskolefni, lífrænar sýrur o.fl. - þekki til bergfræðilegra ferla, eimingu hráolíu, ólíka efnisþætti hennar og notkun þeirra í framleiðslu gerviefna - þekki til notkunar hjálparefna sem efnahvata og vísa - skilji grundvallar skipulag efnafræðinnar, hugtök og flokkunarkerfi - geti rætt um grundvallar muninn á milli kenninga og þess sem byggir á raunverulegum athugunum.
Heimilisfræði		
Haust 19.08-17.10	Nemendahópurinn er tvískiptur og annar hópurinn er í eldsmíði á meðan hinn er í heimilisfræði. Í heimilisfræði fá nemendur að æfa matargerð, bakstur, hreinlæti og hagnýtar aðferðir við heimilsstörf.	Að barnið: - Skilji hlutverk mælinga, nákvæmni og rétt vinnulag í bakstri. - getifylgt uppskriftum sjálfstætt, lesið úr þeim og beitt helstu - matreiðsluaðferðum við blöndun, hnoðun, mótun og bakstur. - geti unnið saman í hóp, skipulagt verkaskiptingu og tekið ábyrgð á verkefnum. - Sýni frumkvæði og ábyrgð í námi sínu. - Geti tileinkað sér og skilið mikilvægi hreinlætis og þrif tengdu matreiðslu og eldhúsi.

Íþróttir og hreyfing

Tímabil Allt skólaárið	Skokk, gönguferðir og reiðhjólaferðir verða stunduð á skólaárinu.	Að barnið: • geti tekið þátt breiðu úrvali íþrótta, • geti tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi, • þekki til tækni, leikaðferða og meginreglna þjálfunar í nokkrum einstaklings og hópíþróttum • geti lagt stund á útivist við mismunandi aðstæður í náttúruumhverfi, • geti ratað með hjálp korts og áttavita við mismunandi aðstæður • geti skipulagt og farið í útivistarferðir á mismunandi árstímum
Tímabil Ólympíuvika 19.05-22.05	Fjallgöngur verða nokkrar yfir árið. Laugavegurinn genginn. Sundkennsla fer fram í Kópavogslaug. Íþróttir eru kenndar einu sinni í viku í Fylkishúsinu.	
Reglulega 1 x í viku	Ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þátttakendur á sérstökum íþróttadegi, en haldin er vikulöng íþróttahátíð í tengslum við leikana. Í íþróttum er boðið upp á fjölbreytta hreyfingu og leiki. Þar reynir meðal annars á hæfileika nemenda til þess að vinna saman, fylgja leiðbeiningum og tileinka sér nýja hluti. Þar eru nemendur kynntir fyrir ólíkum íþróttum, farið í einstaklingsog hópleiki sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð, mati á aðstæðum og tillitssemi. Áhersla er lögð á markvissar og árangursríkar aðferðir þar sem nemendur fá fræðslu um mikilvægi þess að vinna saman og fylgja settum leikreglum.	

Hrynlist

Haust 27.10-21.11	Hrynlist eða eurythmi er hluti af skólanámskrá Waldorfskóla og sem hreyfilist/dans fellur hún undir hæfniviðmið sviðslista í Aðalnámskrá grunnskóla er snúa að dansi. Hrynlist er kennd á öllum aldursstigum og vinnur m.a. að því að taka upp efnivið fagtíma og	Að barnið: • Hæfniviðmið, nemendur geta: • samhæft tónlist/ljóðalestur og hreyfingu með góðri líkamsvitund og • líkamsbeitingu
-----------------------------	---	---

	umbreyta í hreyfingu. Framvinda í hrynlísta er metin með leiðsagnarmati og sjálfsmati. Nemendur upplifa á þessu æviskeiði miklar breytingar og hjálpar þá til að hafa góðan ytri ramma sem þó gefur frelsi til tjáningar einstaklingseðlisins. Þannig verður með hrynjanda kennslustundanna sjálfra gefinn ytri rammi og um leið verður innri þátttaka barnanna efld. Þetta verður gert á þann hátt að í upphafi kennslustundar verður farið í æfingar sem taka mið af takti og hrynjanda til að efla einbeitingu og meðvitund, næst koma spennu og alvara þar sem unnið verur með t.d. texta og form sem og tónlist, þar á eftir koma léttar og skemmtilegar æfingar sem byggja t.d. á samhæfinu, en þær geta einnig átt þátt í að styrkja vitsmuni, jafnvægi og innri viljastyrk og eru um leið spennulosandi og mjög upplífandi og í lok kennslustundarinnar leitum við inn á við og finnum ró. Nú komum við til með að snúa okkur meira að ljóðverkum og þá ljóðum sem hafa vissan innri tilfinningaþrúnga, þar sem spennu og losun, gleði og sorg mætast. Hér geta ballöður, grínkvæði og hin ýmsu mótsagnarkenndu ljóð átt við. Börnin fá einnig að koma með tillögur eða jafnvel að koma með eigin kvæði/ljóð til vinnslu. Hér koma einnig höfuð og fótstellingar við sögu sem myndgera vissar tjáningar s.s. já/nei eða	• sýnt öryggi og færni til að gera hrynlísta/dans einn eða sem hluti af • pari eða hópi • geta sýnt hrynlísta fyrir framan áhorfendur með tilfinningu fyrir • þáttum eins og túlkun, augnsambandi, rými og líkamsbeitingu
--	--	--

	vil/vil ekki, þessi þáttur ýtir undir dramatík ljóðanna og innri tengsl viðmyndbirtingarnar.	
Upplýsinga- og tæknimennt		
Vor 13.4.-8.5.	Nemendur kynnast hvernig tölva er sett saman og með hvaða hætti hún starfar. • ihluti tölvunnar og aðgerðir þeirra • örgjörva og vinnsluminni • orð og hugtök æfð til þátttöku í samræðum um tæknilausnir Ritvinnsla er samþætt við íslensku. Nemendur gera rafrænar vinnubækur þar sem áhersla er lögð á að • afla ritaðra og rafrænna heimilda • setja upp heimildaskrá • uppsetningu ritgerða, inngangur, meginmál, samantekt og niðurstöður • heimildarýna Umræður um • starfræna borgaravitund • samfélagsmiðla • stafrænt siðferði • falsfréttir	Að barnið: Vinnulag og vinnubrögð • beiti réttri fingrasetningu • riti texta og kynningar með stafrænum verkfærum. Upplýsingaöflun og úrvinnsla • geti rökstutt og rætt málefni sem varðar netlög, höfundarrétt, heimildaleit og heimildar gagnrýni • leiti og meti ýmsar upplýsingar og þekkingu á netinu • æfi réttar heimildatilvísanir • þekki mismunandi stafrænn verkfæri sem nýtist við úrvinnslu fjölbreyttra verkefna. Tækni og búnaður • geti gert grein fyrir ólíkum stýrikerfum • hafi þekkingu á íhlutum tölvu og virkni þeirra. Sköpun og miðlun geti notað grunnforritun • geti nýtt sér hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt • geti þróað flókna texta og kynningar með stafrænum verkfærum. Siðferði og öryggismál • geti leitað og metið ýmsar upplýsingar og þekkingu á netinu, • geti notað réttar heimildatilvísanir, • geti notað gagnrýna hugsun er varðar upplýsingaöflun á netinu, höfundarrétt og áhættuþætti í notkun nútímatölvukerfa, • kanni og velta fyrir sér efni gervigreindar og sjálfstæðra kerfa • geti aflað upplýsinga og velt fyrir sér efni gervigreindar og sjálfstæðra kerfa á gagnrýnin hátt.

Starfskynningar		
2.2.-6.2	Nemendur velja sér vinnustað og vinna þar á tímabilinu undir leiðsögn.	Að barnið: